

Alþingi
Efnis- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P/137/410
komudagur 25.6.2009



Reykjavík, 25. júní 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum – 118. mál.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa fengið til umsagnar umrætt frumvarp. Í því sem hér fer á eftir verður fjallað um III. kafla frumvarpsins sem fjallar um breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Að öðru leyti vísa samtökin til umsagnar Samtaka atvinnulífsins um frumvarpið í heild sinni.

„Sykurskattur“.


Með frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gengið mjög langt í því að eyðileggja þann árangur sem náðst hefur á undanförunum árum í einföldun á skattkerfinu. Þá er jafnframt í frumvarpinu gengið langt í því að taka á ný upp þá foræðishyggju sem lengi var við lýði, en aukinn skilningur hefur verið á að undanförunu að væri ekki í takt við nútíma hugsunarhátt. En nú skal sem sagt stíga skrefið til baka og hið opið bera ætlar sér að hafa vit fyrir almenningi og hafa áhrif á neysluhegðun fólks í gegn um skattkerfið.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir á skattlagningu matvæla er raunlegt dæmi um tilhæfingu stjórnvalda að hafa vit fyrir almenningi. Gert er ráð fyrir að taka til baka breytingu sem kom til framkvæmda 1. mars 2007 þegar skattlagning matvæla var að mestu sanræmd, en nú á að hækka virðisaukaskatt á tilteknum matvælum sem stjórnvöldum eru greinilega ekki þóknanleg úr 7% í 24,5%. Ætla hefði mátt, miðað við yfirlýsingar heilbrigðisráðherra, að markmiðið hafi verið að skattleggja fyrst og fremst „óholl“ matvæli. En svo bregður við að auk þess að færa sykur og margs konar sætindi upp í efra þrep virðisaukaskattsins aftur, er það jafnframt gert við ýmsa neysluflokkka s.s. kolsýrt vatn og ávaxtasafa sem Lýðheilsustöð hefur hvatt almenning til aukinnar neyslu á.

Skattkerfisbreytingar sem hér eru lagðar til bera því öll merki geðþóttaákvæðana sem eru gerðar undir því yfirskyni að verið sé að vernda heilsu almennings. Raunin er hins vegar sú að verið er að skattleggja margskonar heilsusamlega vörur sem vitað er að almenningur kaupir í ríkum mæli. Hér eru stjórnvöld, undir fólksku yfirskyni, að nýta sér tækifærið til að seilist í vasa almennings með skattlagningu almennrar neysluvöru. Svokallaður sykurskattur er ekkert annað en ósanngjarn neysluskattur.

SVÞ leggjað því gegn þeim tillögum sem frumvarpið felur í sér til breytinga á lögum um virðisaukaskatt, af þeim ástæðum sem hér hafa verið tilgreind.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.